

# Vona að það sé dálítið af lífi, gleði og fjöri í sýningunni

- segir Gísli Sigurðsson sem opnar sýningu á 70 málverkum á Kjarvalsstöðum á laugardag

GÍSLI Sigurðsson opnar sýningu á Kjarvalsstöðum kl. 14.00 laugardaginn 1. mars. Þar sýnir hann 70 olumálverk sem máluð hafa verið á síðastliðnum þremur árum.

Blaðamaður Morgunblaðsins hitti Gísla að máli á Kjarvalsstöðum. Hann var spurður um myndefnið og hvert hann leitaði fanga.

„Þetta er mjög íslenskur myndheimur“ sagði Gísli, „enda byggður að verulegu leyti á því sem ég hef sjálf séð og upplifað. Allt frá kreppuárunum austur í Tungum þegar kirkjan í Úthlíð fauk og kaupakonur komu á hverju sumri.

Nokkur hluti sýningarinnar

fjallar um það að maður er manns gaman, sem sagt um samkomuhald af ýmsu tagi. Ég fer allar götur aftur í Jörfagledina frægu sem var bönnuð vegna ósóma. Stærsta myndin á sýningunni er um þann fræga dans í Hruna. Þá eru nokkrar myndir frá útskemmtunum eins og ég man eftir þeim um og fyrir 1950, einkum héraðsmótinu á Þjórsártúni þar sem Árnesingar og Rangvellingar komu saman í júlí ár hvert. En ég kem líka við á sláturhúsballi og í „partíum“ eins og við þekkjum þau nú á dögum“.

Nokkrar myndir Gísla eru byggðar á bókmenntalegu efni, Völuspá, Þjóðsögum og tvær myndir, Örlygsstaðafundur og

Egill í Jörvík, byggja á Íslendingasögum. Þá er myndröð um Ólaf Kárason Ljósvíking.

„Það má segja að nokkur hluti sýningarinnar sé myndir af fólki. Þar er t.d. Sigríður Ella Magnúsdóttir í hlutverki Carmen, Helgi Sæmundsson og Jón Engilberts. Ég tileinka honum sýninguna vegna þess að hann var mér hjálparhella og uppgötvaði mig þegar ég var að byrja í sýningarhaldi rétt eftir 1960.“

Að lokum sagði Gísli: „Ég vona að það sé dálítið af lífi, gleði og fjöri í þessari sýningu og hún geti orðið sem flestum veisla fyrir augað“.

Sýningin stendur til 16. mars næstkomandi.



Gísli Sigurðsson myndlistarmaður.

Morgunblaðið.



## Áætlunarflug milli Nuuk og Reykjavíkur

**FLUGFÉLAGIÐ** Grænlandsflug hefur í dag vikulegt áætlunarflug milli Nuuk og Reykjavíkur í samstarfi við Flugleiðir. Notuð verður Dash Seven flugvél frá Grænlandsflugi.

Brottför verður frá Nuuk á hverjum föstudegi kl. 13.45 og landing í Reykjavík kl. 20.45. Frá Reykjavík verður síðan brottför á sunnudögum kl. 16.20 og landing í Nuuk kl. 17.20.

Vegalengdin milli Reykjavíkur og Nuuk í lofti er 1.475 km og flugtíminn um fjórar klukkustundir. Tímamismunur milli Íslands og vesturstrandar græn-

lands er þrjú tímar.

Í hverri ferð er pláss fyrir 21 farþega, eða rými fyrir 2 1/2 tonn af frakt. Heildar sætaframboð yfir árið er 2.100 sæti hvora leið.

Afgreiðsla Grænlandsflugs er hjá innanlandsflugi Flugleiða á Reykjavíkflugvelli og félagið tekur við farpöntunum og annast sölu farmiða.

Á fluginu milli Nuuk og Reykjavíkur er borinn fram matur, te og kaffi og drykkir boðnir til sölu. Einnig er selt tollfrjálst vín og tóbak um borð í flugvélinni, segir í frétt frá kynningardeild Flugleiða.

### Framleiðnisjóður landbúnaðarins:

# Leggur fram fé til lausnar á vanda bænda

STJÓRN Framleiðnisjóðs landbúnaðarins hefur samþykkt að kaupa búmark af þeim bændum, sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda samkvæmt niðurstöðum fjárhagskönnunarnefndar og verja auk þess 15 milljónum króna árlega næstu fjögur ár, til viðbótar áður ákveðnum skuldbreytingaráformum. Þá samþykkti stjórn sjóðsins að kanna leiðir til að kaupa framleiðslurétt af einstökum bændum og miðla meðal annarra, sem eru með mikla fjárfestingu miðað við framleiðslurétt.

Að sögn Jóhannesar Torfasonar, formanns stjórnar Framleiðnisjóðs, var fjallað um tillögu fjárhagskönnunarnefndar um lausn á vanda þeirra bænda sem voru í könnuninni. Þar var talið að um 120 bændur þyrftu á sérstakri aðstoð að halda, annaðhvort til að hætta búskap eða taka upp aðrar búgreinar. Afgreiðsla málsins var á þá leið að samþykkt var að kaupa búmark af bændum eftir þeim reglum sem Framleiðnisjóður hefur haft um slíkt og verja auk þess næstu 4 ár

15 milljónum á ári, sem koma til viðbótar öðrum aðgerðum, svo sem skuldbreytingum á vegum stofnlánadeildar og skuldbreytingum á vegum viðskiptaaðila og banka heima fyrir. Þetta er enn fremur bundið því að landbúnaðarráðuneytið skipi sérstakan trúnaðarmann til að annast samningsgerð við hvern einstakan bónda og viðskiptaaðila hans og fylgjast með framgangi samninganna næstu fjögur ár.

Stjórn framleiðnisjóðsins sam-

þykkti enn fremur að kanna þá leið að kaupa framleiðslurétt af einstökum bændum og nota um 70 til 80% af þeim rétti sem keyptur er til að miðla milli bænda innan svæða, sérstaklega þeirra sem eru með mikla fjárfestingu miðað við framleiðslurétt. Jóhannes sagði að markmiðið væri að nýta sem best þá fjárfestingu, sem búið er að leggja í og skapa svigrúm fyrir yngri bændur að vinna sig út úr sínum fjárfestingum með framleiðslu og um leið ákveðin hvatning fyrir hina til að hætta, þá sem búa við erfiðar aðstæður og eru ef til vill komnir nærri þeim aldursmörkum að eðlilegt megi telja að starfsdegi þeirra sé að ljúka. Hluti þessa framleiðsluréttar yrði einnig til ráðstöfunar á landsmælikvarða til að skapa eðlilegt svigrúm á tilfærslu milli svæða.

## Afmælisfundur Varðar

LANDSMÁLAFÉLAGIÐ Vörður heldur afmælisfund í tilefni 60 ára afmælis félagsins, laugardaginn 1. mars nk. í Sjálfstæðishúsinu Valhöll. Fundurinn hefst kl. 14.00.

Í fréttatilkynningu frá Verði segir að Þorsteinn Pálsson formaður Sjálfstæðisflokksins flytji ávarp á fundinum. Þorvaldur Garðar Kristjánsson forseti Sameinaðs Alþingis fjallar um Vörð í fortíð. Birgir Ísleifur Gunnarsson alþingismaður ræðir um félagsstarf Sjálfstæðisflokksins og Jónas Bjarnason formaður Varðar fjallar um framtíð Varðar.

Fundarstjóri verður Davíð Ólafsson seðlabankastjóri. Allt sjálfstæðisfólk er velkomið á fundinn.



## SJÁLFSTÆÐISFÓLK Í KÓPAVOGI

Hvetjum ykkur til að taka þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins laugardaginn 1. mars og efla með því flokkinn. Tryggjum kosningu Richards Björgvinssonar í 1. sæti.

Stuðningsmenn.

